

Opinbera deildin, skýrsla á aðalfundi 2025

Ágætu félagar!

Að venju verður farið yfir það helsta sem gerst hefur á liðnu starfsári. Frá síðasta aðalfundi sem haldinn var 8. febrúar í fyrra höfum við haldið einn stjórnarfund þar sem farið var yfir ýmis mál

Á starfsárinu var skrifað undir nýja langtímakjarasamninga við ríki og sveitarfélögin. Samningarnir gilda báðir frá 1. apríl í fyrra til 31. mars 2028. Næstu launahækkanir verða 1. apríl nk.

Báðum þessum samningum fylgdu nýjar launatöflur og hækkuðu laun hækka afturvirkir frá 1. apríl 2024.

Hvað ríkið varðar var einnig samið um breytingar á ákvæðum varðandi vinnutíma, vaktaálag, fyrirkomulag vaktavinnu og fleira. Nálgast má nánari útlistun á breytingunum sem og nýjar launatöflur á heimasíðu félagsins.

Í sambandi við sveitarfélagasamninginn var einnig samið um að Félagsmannasjóður hækkaði frá 1. apríl 2024 um 0,7% og fór því úr 1,5% í 2,2%. Ég mun ræða þennan sjóð aðeins betur á eftir.

Einnig komu viðbótarlaun á starfsheiti í grunnskóla hjá skólaliðum og starfsmönnum í skóla með stuðningi.

Frá 1. nóvember sl. tóku gildi nokkur ný kjarasamningsbundin ákvæði hjá félagsmönnum sem starfa eftir þessum samningnum. Sem dæmi um breytingar má t.d. nefna.

- Vinnuvika starfsfólks í fullu starfi varð 36 virkar vinnustundir í stað 40.
- Tímafjöldi á mánuði varð 156 tímar fyrir fullt starf í stað 173,33.
- Deilitala tímavinnukaups breyttist úr 0,615% af mánaðarlaunum í 0,632%.
- Yfirvinna 2 er greidd fyrir vinnu umfram 38,92 stundir á viku hjá dagvinnufólki og er þar með eins og hjá vaktavinnufólki.
- Bakvaktarálag hjá dagvinnufólki er eins og hjá vaktavinnufólki.
- Útreikningur á vaktahvata breyttist þannig að þegar starfsfólk hefur störf reiknast vaktahvati fyrir eitt uppgjörstímabil á fyrsta og öðrum mánuði í starfi þannig að lágmarksfjöldi stunda utan dagvinnumarkna eru 42 og lágmarksfjöldi vinnuskyldustunda í hverri tegund vakta eru 15. Eftir þrjú mánuði í starfi reiknast vaktahvati sem hlutfall greiddra mánaðarlauna vegna fjölbreytileika og fjölda vakta á þremur síðustu uppgjörstímabilum samkvæmt skipulögðum vöktum innan vinnutímaskyldu.

Einnig má nefna að 1. nóvember tóku gildi nýir kauptaxtar.

Í janúar var skrifað undir nýjan samninga við Heilsuvernd öldrunarheimili og gildir hann frá 1. apríl 2024 til 31. mars 2028.

Eins og ég nefndi áðan þá var samið um að Félagsmannasjóður hækkaði frá 1. apríl í fyrra og færi í 2,2%.

Auk sveitarfélaga greiða einnig í sjóðinn Hólmasól, Fjölsmiðjan og Hamrar, útilífsmiðstöð skátar. Heilsuvernd greiddi einnig í sjóðinn en það ákvæði var tekið út í nýjum samningi við þá.

Stéttarfélögum ber að standa skil á þessum greiðslum til félagsmanna 1. febrúar ár hvert fyrir árið á undan. Athugið að ekki hefur verið tekin skattur af upphæðinni sem greidd er út til félagsmanna. Þessi upphæð kemur inn á skattframtal fyrir árið í ár en álagningin af henni kemur sjálfvirkt til greiðslu á næsta ári.

Í byrjun febrúar greiddi félagið út úr sjóðnum til sinna félagsmanna fyrir árið 2024, samtals var upphæðin rúmar 140,5 milljónir króna til 1.771 félagsmanna. Forsenda þess að hægt sé að greiða úr sjóðnum er að Eining-Iðja hafi bankaupplýsingar þeirra sem eiga rétt á að fá greiðslu úr sjóðnum. Því miður vantar slíkar upplýsingar hjá 112 félagsmönnum eða þá að þær eru rangt skráðar og á því eftir að greiða um 3,5 milljónir úr sjóðnum. Hæsta einstaka upphæðin er tæpar 197.000 krónur þannig að ef þú ert að vinna á þessum vinnustöðum en fékkst ekki greiðslu frá félaginu þá hvetjum við þig til að fara inn á Mínar síður félagsins og skrá inn þessar upplýsingar sem og síma og netfang.

Á næstunni verður aftur greitt úr sjóðnum til þeirra sem skila inn umbeðnum upplýsingum.

Eins og þið fengið kynningu á áðan þá tók félagið nýlega í notkun nýtt og betra félaga- og orlofskerfi og nýjar Mínar síður. Ég hvet alla til að fara inn á Mínar síður, skoða þær og uppfæra ef þarf upplýsingar eins og símanúmer, netfang og bankaupplýsingar. Á heimasíðu félagsins má finna góðar leiðbeiningar fyrir helstu aðgerðir inni á Mínum síðum félagsins.

Aðeins varðandi trúnaðarmannanámskeiðin en snemma á síðasta ári urðu breytingar á skipulagi þeirra og svo aftur núna um áramótin.

- Á næstunni verða fjögur eins dags námskeið kennd í staðnámi.
- Ákveðið var að bjóða upp á mun fleiri námskeið í fjarnámi en áður, bæði fyrir og eftir hádegi. Sama námskeiðið er keyrt nokkrum sinnum, milli kl. 9 og 12 eða milli kl. 13 og 16.
- Nokkur styttri fjarnámskeið eru líka í boði sem eru einungis 1 klst. að lengd.
- Einnig er boðið upp á fjölda námskeiða í vefnámi, þau eru s.s. opin í einhvern x tíma.

Aðalstjórn félagsins ákvað að framkvæma aftur sambærilega kjara- og viðhorfskönnun eins og framkvæmd hefur verið ár hvert frá árinu 2011. Óhætt er að segja að enn og aftur er mikil ánægja með þjónustu félagsins og félagið sjálft. Niðurstöðu könnunarinnar má finna á heimasíðu félagsins.

Í boði verða tvær ferðir hjá félaginu í ár. Á fundi ferðanefndar félagsins var ákveðið að breyta aðeins til og bjóða upp á utanlandsferð annað hvort ár og verður næsta utanlandsferð í boði á næsta ári. Jafnframt var ákveðið að það ár sem ekki verður boðið upp á utanlandsferð að þá verði boðið upp á veglegri Fjallaferð.

Hin árlega eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-Iðjufélaga verður farin þriðjudaginn 24. Júní.

Í Fjallaferð ársins verður farið um Austurland dagana 21. og 22. ágúst.

Nánari upplýsingar um ferðirnar má finna á heimasíðu félagsins.

Aðeins varðandi þing og ársfundi þá átti félagið fulltrúa á nokkrum slíkum á starfsárinu, t.d. á ársfundi Stapa, þingi AN og þingi ASÍ.

Félagið átti rétt á að senda 41 fulltrúa á ársfund Stapa sem haldinn var í maí, 47 félagsmenn höfðu rétt á að sitja 38. þing Alþýðusambands Norðurlands sem fram fór á Illugastöðum í Fnjóskadal í október og á 46. þingi ASÍ sem fram fór í október átti félagið 10 fulltrúa. Fjölmargir fulltrúar á þessum viðburðum komu úr deildinni okkar.

Svona áður en við förum að snúa okkur að stjórn deildarinnar og kosningum þá langar mig að minna á að á skrifstofu félagsins á Akureyri eru fjórir ráðgjafar hjá VIRK starfsendurhæfingarsjóði með aðstöðu.

Tvær þeirra eru með fastar viðverur á skrifstofum félagsins á Dalvík og í Fjallabyggð einu sinni í viku.

Fyrir þá sem ekki vita þá er þjónusta VIRK fyrir einstaklinga sem búa við skerta starfsgetu vegna heilsubreysts og stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði. Ef þið viljið fá nánari upplýsingar um VIRK þá má t.d. nálgast þær á heimasíðu félagsins.

Ég vil þakka öllum þeim sem ég hef starfað með á liðnu ári fyrir ánægjulegt samstarf og sérstaklega öðrum stjórnarmönnum deildarinnar og starfsmönnum Einingar-Iðju.

Að lokum þakka ég Arnóri Sigmarssyni, starfsmanni deildarinnar fyrir gott samstarf á árinu.

Takk fyrir.